




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Frístundamiðstöðin Kringlumýri

Starfsáætlun 2025-2026



Í kraftmiklu frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag



Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit Kringlumýri.....	7
Gildi Kringlumýrar	8
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á starfsárinu 2024 - 2025	9
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	11
Áskoranir, markmið og aðgerðir í frístundamiðstöðinni Kringlumýri	13
Áherslur starfsársins.....	19
Samstarf	20
Jafnréttisáætlun	21

Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Frístundamiðstöðvarnar vinna jafnframt út frá Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2027, en leiðarljós hennar er að Reykjavíkurborg bjóði upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags. Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavík.

Til viðbótar við þessi stefnuskjöl sem frístundamiðstöðvarnar vinna eftir er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu.



Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni.

Starfsáætlunin gildir frá 1. september 2025 og gildir til 31. ágúst 2026. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið í samræmi við starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.



Frístundamiðstöðin Kringlumýri stendur fyrir viðamiklu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi. Hjá Kringlumýri starfa 398 starfsmenn í 164 stöðugildum. Starfsstaðir Kringlumýrar telja níu frístundaheimili og átta félagsmiðstöðvar. Starfsmannahópurinn samanstendur af einstaklingum með fjölbreytta menntun, ólíkan bakgrunn og viðamikla reynslu af starfi með börnum og unglingum. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg krefjast sérhæfingar og sérþekkingar. Íbúafjöldi í hverfum Kringlumýrar er um 36.000 en þjónustusvæði Kringlumýrar tengir sig víðar í gegnum sértæka starfið.

Kringlumýri er þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra barna og unglinga. Verkefnisstjóri á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra barna ásamt einum ráðgjafarþroskaþjálfara starfa í Kringlumýri (Norðurmiðstöð). Hlutverk verkefnistjóra er að samræma og útfæra þjónustu í málefnum barna í Reykjavík og tekur virkan þátt í samstarfi vítt á borgina og hefur yfirumsjón með ráðgjafarþroskaþjálfum sem starfa í miðstöðvum austur, vestur, norður og suður. Ráðgjafarþroskaþjálfari tekur virkan þátt í samstarfi þvert á VEL og SFS innan sinnar miðstöðvar í anda vinnulags Betri borgar fyrir börnin skammstafað BBB. Það samstarf hefur almennt gengið vel og má í mörgum tilvikum sjá mikinn mun á vinnslu mála þar sem bæði svið og allar stofnanir er koma að þjónustu við börn vinna saman að aukinni farsæld barna. Sem þekkingarmiðstöð er það hlutverk Kringlumýrar að vera leiðandi í frítímastarfi fatlaðra barna og unglinga.

Kringlumýri hefur umsjón með frístundastarfi fyrir fötluð börn og unglinga sem stunda nám í Klettaskóla, þ.e. frístundaheimilinu Guluhlíð, félagsmiðstöðinni Heklu með börn og unglinga í 5. – 7. bekk og félagsmiðstöðinni Öskju fyrir 8. – 10. bekk.

Í öllu starfi Kringlumýrar er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Þessi ár eru mikilvægt mótunarskeið og því er áhersla lögð á að efla þætti eins og félagsfærni, sjálfsmynd og virka þátttöku með skipulögðum hætti. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Kringlumýri starfar eftir hugmyndafræði „jákvæðrar nálgunar“ og reynslunáms ásamt lýðræðislegri vinnuaðferða.





Margar áskoranir bíða okkar þetta starfsár. Aðstaða á flestum stöðum er nokkuð komin til ára sinna og er viðhaldspörf mikil. Kringlumýri mun leggja áherslu á að vera í góðu samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið þar sem horft verður sérstaklega til að forgangsraða, gerð tímaáætlana í viðhaldsmálum og að standa vel að upplýsingastreymi til starfsfólks og þjónustuþega. Innleiðing farsældarlaga er í fullum gangi og verður áfram lögð áhersla á að upplýsa og skýra verklag og hugmyndafræði fyrir starfsfólki og foreldrum. Fjölmennning til framtíðar er stór þáttur í öllu starfi Kringlumýrar. Markviss vinna með fjölmenningu eykur líkur á inngildingum allra barna og unglunga í starfinu. Fjölmenningarlegt starf styrkir samkennd, félagsfærni, jákvæð samskipti og eykur viðsýni.

Frístundaheimilin ætla áfram að leggja áherslu á vinnu við félagsfærni í öllu starfi frístundaheimila hverfisins þar sem áhersla er lögð á að meta félagsleg tengsl og virkni. Þessi aðferðafræði er mikilvægur þáttur í að takast á við andlega líðan barna ásamt fjölbreytileika og fjölmenningu. Virkni barna og að þau upplifi sig sem hluti af samfélaginu er mikilvægur þáttur í að takast á við þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í dag.

Félagsmiðstöðvarnar munu leggja áherslu á félagslega virkni og hvernig hægt er að sporna gegn hatursorðræðu og ofbeldi. Aukin áhersla verður lögð á vettvangsstarf sem og að grípa þau börn og unglunga sem ekki eru virk í sínum frítíma. Áhersla verður lögð á að hjálpa þeim að tengjast samfélaginu og vera virk í frístundastarfi. Sem dæmi var farið af stað með félagsmiðstöð einu sinni í viku fyrir hinsegin unglunga sem ber nafnið Gaymstöðin. Ætlunin er að allar félagsmiðstöðvarnar fari í aukið samstarf við grunnskóla til að kortleggja virkni barna og unglunga sem eru af erlendum uppruna. Starfsstaðir Kringlumýrar hafa verið í góðu samstarfi við forvarnarfulltrúa Norðurmiðstöðvar þar sem mat er lagt á virkni barna á aldrinum 10 – 12 ára þ.e. hvaða börn eru ekki að taka þátt í skipulögðu frístunda- eða íþróttastarfi. Áfram verði unnið að verkefnum sem geta hjálpað börnum og unglungum í hverfinu að verða þátttakendur í skipulögðu frístundastarfi.



Sértækt frístundastarf í Guluhlíð, Heklu og Öskju hefur tekið miklum breytingum síðustu ár. Vegna viðvarandi fjölgunar barna og unglinga ásamt breyttri samsetningu í hópnum og þjónustubarfa er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju. Á komandi starfsári verður unnið að fullum krafti í að finna lausn við þessum bráðavanda til að bæta þjónustu við börn og unglinga sem sækja sértæka frístundastarfið hjá okkur. Á starfsvetrinum 2025 – 2026 verður lögð sérstök áhersla á að undirbúa þróun á sértæku starfi sem gerir ráð fyrir að skipta því á milli hverfa til að koma til móts við auknar þarfir um meira pláss en núverandi aðstaða er fyrir margt löngu sprungin.


Allt frístundastarf í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum mun leggja áherslu á valda þætti menntastefnunnar þetta starfsár sem eru læsi í víðum skilningi og félagsfærni með áherslu á farsæld og inngildingu meðal annars með gerð málstefnu.

Innleiðing á Betri borg fyrir börn (BBB) er eitt af þeim verkefnum sem frístundastarfið leggur áherslu á þetta starfsár í frístundahluta Norðurmiðstöðvar (Laugardal, Háaleiti og Bústöðum). Okkar tilfinning er að verkefnið sé farið vel af stað og samstarf velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sé að blómstra hjá okkur í Norðurmiðstöð. Við erum stöðugt að sjá að við erum að ná árangri í málefnum barna og unglinga á fyrsta og öðru stigi. BBB er mikið framfara skref fyrir frístundastarfið en margar áskoranir fylgja innleiðingunni og hafa ber í huga að verkefnið mun taka nokkur ár að ná fótfestu í öllu starfi sem tengist börnum og unglingum í hverfum borgarinnar. Áhersla verður lögð á markvissa fræðslu fyrir allt starfsfólk og foreldrasamfélag um tilgang og aðferðafræði farsældarlaga á starfsárinu 2025 - 2026.

BETRI BORG
fyrir BÖRN



Skipurit Kringlumýri



Gildi Kringlumýrar

Gildin **fagmennska**, **fjölbreytileiki** og **vellíðan** voru valin af starfsfólki og stjórnendum Kringlumýrar. Gildin lýsa að okkar mati vel hvað Kringlumýri stendur fyrir og eru lýsandi fyrir starfið sem fram fer á starfsstöðum hennar.

FAGMENNSKA

- Við höfum fagmennska í fyrirrúmi. Allt okkar starf er byggt á þekkingu, reynslu og menntun í uppeldisstarfi.
- Við sækjum okkur nýja þekkingu, erum tilbúin að bregðast hratt við og breyta til, og finnum nýjar leiðir og lausnir.
- Við erum næm og lesum í aðstæður vegna þekkingar okkar og þess sem reynslan hefur kennt okkur.
- Við leggjum mikla áherslu á samvinnu og að allir vinna saman að settum markmiðum.
- Við leggjum áherslu á gegnsæi og förum eftir ferlum.
- Við erum ígrunduð og setjum inn í spirálinn og reynslunám.
- Stærri fundir eins og þessi á vegum Kringlumýrar eru gott verkfæri til að viðhalda fagmennsku.

FJÖLBREY TILEIKI

- Við tökum tillit til og virðum skoðanir og bakgrun allra.
- Fjölbreytileiki kemur fram í frjálssu vali og að börn og ungmenni geti gert það sem þau vilja.
- Hver einstaklingar hefur sínar tilfinningar og þarfir og við leggjum metnað í að vera til staðar fyrir og koma til móts við alla.
- Með auknum fjölbreytileika starfshópsins aukum við fjölbreytileika þeirra sem sækja starf okkar og erum aðgengilegri og eftirsóknarverðari.
- Við stuðlum að barna- og unglingalýðræði svo börn og ungmenni geti haft sem mest áhrif á starfið.
- Við setja ekki börn í hólfi þannig að allir kynnist fjölbreytileika, sem leiðir af sér umburðarlyndi.

VELLÍÐAN

- Við leggjum áherslu á að það sé gaman í vinnunni og munum eftir því að vera létt og leikandi. Jákvæður starfsandi smitar gleði út í starfið og þjónustuhópinn.
- Við erum jákvæð í samskiptum við börn og starfsfólk og sýnum hvert öðru virðingu og traust.
- Við hugsum vel til hvers annars og leggjum okkur fram við láta öllum líða vel.
- Við erum tilfinninganæm og berum virðingu fyrir tilfinningum annarra.
- Við leggjum kapp á að efla og styrkja börn og ungmenni í gegnum opin jákvæð samskipti og hrós ásamt því að vinna í gegnum leik og leiki.
- Við leggjum okkur fram um að halda í gleðina og finna gleðina í hlutum sem er erfitt að finna.



Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á starfsárinu 2024 - 2025

Starfsemi Kringlumýrar og starfsstaðir Kringlumýrar þurftu að takast á við fjölmargar áskoranir á síðasta starfsári. Stór hluti af starfinu snerist um að efla félagstengsl barna og unglinga, efla lýðræðisþátttöku og auka virkni þegar kemur að frjálsum leik. Áfram voru þó verkefni þar sem frávíkshæðun kom við sögu s.s. ofbeldis-, neyslu- og hegðunarmál. Í þeim málum hefur verið gott að finna farveg í farsældarlögum og Betri borg fyrir börnin varðandi úrvinnslu og samstarf á milli t.d. frístundaheimilis, félagsmiðstöðvar og skóla. Áfram fjölgar börnum og unglingum af erlendum uppruna í starfinu hjá okkur en það gefur starfinu tækifæri til að þróast í takt við breitt samfélagsform. Starfsfólk félagsmiðstöðva er vel þjálfað í að setja sig í spor annara og tekst það svo sannarlega með nýjum áskorunum. Auknar áskoranir hafa aukið álag á starfsemina og kallar það á lausnamiðaða hugsun sem jafnframt hefur leitt til framþróunar. Mikilvægt er að skóla- og frístundasvið hjálpist að við að takast á við þessa nýju stöðu sem upp er kominn og finni lausnir og úrræði sem nær utan um þá áskorun sem skóla- og frístundastarfið er að takast á við í dag.

Áhrif starfsmannaveltu á frístundaheimilum hefur áhrif á hverju hausti og fer mikill kraftur stjórnenda að vinna í mannauðsmálum. Mörg af frístundaheimilum í Kringlumýri standa frammi fyrir krefjandi aðstæðum þegar kemur að aðstöðu þ.e. þrengsli í húsnæði, skorti á viðhaldi og hluti af búnaði sem þarfnast endurnýjunar. Þau frístundaheimili sem má sérstaklega nefna vegna stærri viðhaldsmála eru Neðstaland, Sólbúar, Krakkakot, Laugarsel, Glaðheimar og Álfabær. Mikilvægt er að fara í átak þegar kemur að lóðamálum í kringum starfsstaði Kringlumýrar og þarf sérstaklega að horfa til starfsstaða Dalheima og Glaðheima. Dalheimar hafa hugsað lausnamiðað þegar kemur að nýtingu lóðar en vatnssöfnun og áskorun tengd leiðum fyrir folf iðkun hefur orðið til þess að starfsfólk hefur þurft að vera skapandi þegar kemur að leiksvæði en það birtist meðal annars í svæði sem ætlað er í leik með vatn. Þar er góður grundvöllur að vinna með félagstengsl og njóta útiveru í virkum skapandi leik. Stjórnendur og starfsfólk á frístundaheimilum Kringlumýrar vinna metnaðarfullt starf þar sem áherslan á að þjónusta hvert og eitt barn er til grundvallar og að nálgast það út frá áhugasviði barna og þjálfa þau til félagsfærni í leik og starfi. Sumarstarf á frístundaheimilum var endurskoðað og gerðar á því þær breytingar að stækka námskeið þar sem áður voru langir biðlistar og kom það vel út hvað varðar þjónustuframboð. Álagið sem fylgdi auknu starfi varð til þess að stjórnendur fengu minn svigrúm til að undirbúa frístundaárið 2025 – 2026. Frístundaheimilin héldu afar glæsilegan viðburð saman þegar fjölbreytileikanum var fagnað á degi Regnbogans og fékk viðburðurinn góða athygli fjölmiðla sem birtu afar jákvæða umfjöllun.

Áfram er unnið gott starf í sértæka starfinu en þar fjölgar börnum og unglingum með hverju árinu. Áskoranir sem fylgja auknum fjölda snýr að aðstöðumálum en aðstaða frístundaheimilisins Guluhlíðar er vel staðsett en í gömlum húsum sem ekki hafa fengið tilheyrandi viðhald. Félagsmiðstöðin Hekla fyrir börn á aldrinum 10 – 12 ára er í aðstöðu á Þorragötu sem er húsnæði í ágætu standi en aðstaðan hentar ekki mjög vel fyrir starfið þar sem það vantar meiri tækifæri til að brjóta upp starfið í mismunandi rými. Í Heklu er langt að fara í leiksvæði og því snúið að njóta útiveru með börnunum þar. Fjarlægð Heklu við Klettaskóla kallar á meiri akstur en það hefur áhrif á skipulag frístundastarfsins. Félagsmiðstöðin Askja fyrir unglinga 13 – 16 ára er staðsett í Klettaskóla og hefur komið sér vel fyrir þar þrátt fyrir mikla fjölgun í húsnæðinu. Þrátt fyrir þessar áskoranir í Guluhlíð, Heklu og Öskju þá er unnið gott frístundastarf með börnum og unglingum



hjá okkur. Starfsfólk á þessum starfsstöðum á það sameiginlegt að hugsa lausnamiðað og takast á við verkefni dagsins með jákvæðni. Grunnurinn í starfinu er gleði og með gleðinni verða til töfrar sem meðal annars sást í Gulhlíð þegar litahlaupið var haldið.

Starfsemi barna- og unglingastarfsins 10 – 16 ára gengur vel í félagstöðvunum Buskanum, Bústöðum, Hofinu, Laugó, Tónabæ og Þróttheimum. Mæting var góð á alla starfsstaði frístundaárið 2024 – 2025. Aðstöðumál eru fyrirferðarmikil í starfsemi Bústaða og Laugó en þar lenti starfsemin í hrakningum. Bústaðir eru í nokkrum vanda þegar kemur að aðstöðu en starfsemin hefur verið í kjallara Bústaðakirkju í ca. 50 ár og hefur aðstaðan fengið takmarkað viðhald. Laugó þurfti að flytja úr aðstöðu sinni á árinu en þar skiptir miklu máli að samstarf við Laugalækjarskóla er gott. Starfsfólk félagmiðstöðva Laugó og Bústaða studdu vel við undirbúning á Skrekk en Réttarholtsskóli lenti í 3. sæti og Laugalækjarskóli í 2. sæti. Frábær árangur hjá þeim og öllum skólunum sem tóku þátt í Skrekk. Fulltrúar Kringlumýrar í Reykjavíkurráði ungmenna voru góðir fulltrúar og unnu að framgangi mála s.s. aðgengismálum í Skeifunni þ.e. erfitt að fara fótgangandi um Skeifuna og fleira. Laugó tók við hvatningarverðlaunum fyrir verkefnið Lýðræðishátíð í Laugó.

Skrifstofa Kringlumýri tekur fullan þátt í þróun verkefnisins Betri borg fyrir börnin í Norðurmiðstöð en þar hafa verið tekin góð skref árinu í að þróa samstarfið við grunnskóla, leiksskóla og velferðina. Innleiðing farsældarlaga gengur vel og er Kringlumýri þegar farin að upplifa mikilvægi farsældarlaga fyrir frístundastarf.

Helstu niðurstöður fyrir Kringlumýri í „Stofnun ársins“ voru mjög góðar en helstu áskoranirnar snúa að aðstöðumálum og starfskjörum. Áfram verður unnið að því að bæta aðstæður og kjör starfsfólks.

Mannauðsmál Kringlumýrar tóku nýja stefnu á árinu en þá var stofnuð skemmtinefnd sem samanstóð af góðum hópi stjórnenda af öllum fagsviðum. Hlutverk nefndarinnar var m.a. að halda árshátíð Kringlumýrar þann 26. apríl 2025 í Fákshéimilinu og var mæting góð, en gestir voru 170. Ýmis fræðsluerindi voru á dagskrá s.s. Pepparinn, Verkefnistjórar „Betri borg fyrir börnin“, samvinna eftir skilnað með Gyðu Hjartardóttur félagsráðgjafa og fleira. Stjórnendur tóku virkan þátt á sameiginlegum fræðsludegi Höfuð í Bleyti bæði með erindum og þátttöku.



Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsfólk, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Virgni forstöðumanna á menntastefnuvefnum.	Stjórnendavagn. Spurningar sendar út á stjórnendur frístundaheimila og félagsmiðstöðva þar sem spurt er um virgni á Menntastefnuvefnum. Spurningakönnun send út október og nóvember 2024	Forstöðufólk	6 af starfsstöðum Kringlumýrar eru að nýta sér Menntastefnu í hverjum mánuði. 11 starfsstaðir eru að nýta vefinn sjaldnar
Þátttaka í lausnarteymum.	Stjórnendavagn. Spurningar sendar út á stjórnendur á frístundaheimilum á tímabilinu janúar – febrúar 2025.	Forstöðufólk	Meðal spurninga var þátttaka í Lausnteymum og svöruðu 12 starfsstaðir að starfsstaður ættu fulltrúa.
Hvort frístundaheimili séu með starfandi barnaráð.	Stjórnendavagn. Spurningar sendar út á stjórnendur á frístundaheimilum á tímabilinu janúar – febrúar 2025.	Forstöðufólk	Spurt var hvort að á frístundaheimilinu væri starfandi barnaráð. Af 9 starfsstöðum eru 7 með virkt barnaráð, 1 starfsstaður er ekki með ráð og 1 starfsstaður svaraði ekki spurningunni.
Hefur starfsstaður aðgang að íþróttahúsi til að gefa börnum og unglingum tækifæri til að komast í virka hreyfingu innanhús.	Stjórnendavagn. Spurningar sendar út á stjórnendur í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum í janúar – febrúar 2025.	Forstöðufólk	Af 14 starfsstöðum sem svöruðu könnun voru 8 starfsstaðir sem hafa engan aðgang að íþróttahúsi.
Viðhorf foreldra til sumarstarfs	Símat á sumarfrístund. Spurningakönnun send út á foreldra í lok hvernar viku með tölvupósti.	Foreldrar og forráðafólk.	Hlutfall þeirra sem voru frekar eða mjög ánægðir með starfið var 99,2%.
Spurt um útfærslu á vinnu við Málstefnu og þátttöku í því.	Stjórnendavagn, tölvupóstur sendur á stjórnendur á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.	Stjórnendur í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.	Niðurstaða sem endurspeglar að 60% starfsstaða eru ekkert farin að huga að gerð málstefnu.
Hvort starfsstaðir séu að nýta sér gátlista vegna eineltis.	Spurningakönnun stjórnendavagninn sendur út með tölvupósti á stjórnendur frístundaheimila og félagsmiðstöðva.	Forstöðufólk í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.	Af 17 starfsstöðum Kringlumýrar voru 6 starfsstaðir sem eru ekki að nýta sér eða þekkja ekki til gátlista vegna eineltis.



Starfsandi – viðhorf starfsfólks	Stofnun ársins. Spurningar lagðar fyrir starfsfólk Sameykis.	Starfsfólk Kringlumýrar.	Áfram nær Kringlumýri góðum árangri þegar kemur að niðurstöðum í Stofnun ársins. Heildarmat er með niðurstöðu 4,4 og starfsandi 4,55. Við erum stolt af þessu og viljum viðhalda þessum árangri.
Ánægja með launakjör, loftgæði og hljóðgæði – viðhorf starfsfólks	Stofnun ársins. Spurningar lagðar fyrir starfsfólk Sameykis.	Starfsfólk Kringlumýrar.	Niðurstöður stofnunar ársins sem skora lægst snúa að aðstöðumálum og launakjörum. Ánægja með launakör 3,6. Ánægja með loftgæði 3,75 og hljóðgæði 3,64.

Áskoranir, markmið og aðgerðir í frístundamiðstöðinni Kringlumýri

1. Frístundastarfið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast	Minni þátttaka barna og unglinga með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í félagsmiðstöðvastarfi.	Mæta fjölbreyttum hópi unglinga á vettvangi frítímans með áherslu á að hugsa upp nýjar leiðir til að ná til hópa sem almennt mæta ekki (s.s. áhugategnd viðfangsefni og kynjamiðað hópastarf).	Deildars tjóri unglinga starfs	Jan. 26	Apríl 26	Mat lagt á skráningu í félagsmiðstöðvum í samanburði við hlutfall barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.	Að hlutfall barna og unglinga með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn á aldrinum 10 – 16 ára sé nær þeim sem er hjá börnum og unglingum sem koma frá heimili þar sem báðir foreldrar eru með íslensku sem fyrsta mál.
Jöfnuður	Minnska fordóma og auka jöfnuð.	Starfsstaður vinni markvisst í að fræða börn um unglinga um fjölbreytileikann sem byggist upp á viðsýni	Deildars tjórar í Kringlu mýri	Sept. 25	Maí 26	Regluleg stöðutaka hjá fagfólki Kringlumýrar með samstarfsaðilum í skólasamfélagi og Norðurmiðstöð.	Að aðgerðaráætlanir liggi fyrir á hverjum starfsstað sem taka á fordómafullri umræðu.
Sköpun	Virk og öflug starfsemi tengist barna og unglingamenningu.	Lögð verði áhersla á skapandi vinnu í starfi Kringlumýrar en það birtist á afar fjölbreyttan hátt.	Deildar- stjórar í Kringlu mýri	Sept. 25	Maí 26	Reglulegar kynningar á stórfundum af því. hvernig skapandi hugsun er útfærð í starfi hvers starfsstaðar.	Yfirlit yfir skipulag starfs í skapandi vinnu liggi fyrir á starfsstöðum.
Sjálfsþing	Þar sem starfsfólki og börnum fjölga með ólík tungumál þá geta komið upp aðstæður þar sem enska er töluð mikið í	Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar setji sér málstefnu þar sem lögð er áhersla á íslenskt málumhverfi með sjónrænni	Forstöð ufólk	Okt 25	Mars 26	Fræðsla um aðferðafræði málstefnu. Málstefna Kringlumýrar miðlægt.	Málstefna fyrir alla starfsstaði Kringlumýrar liggi fyrir og sé kynnt fyrir starfsfólki.



	starfinu. Til að aðstoða og hvetja til notkunar að íslensku þarf að móta málstefnu í frístundastarfinu.	innlögn (að merkja hlutina í umhverfinu).					
Virk þátttaka	Koma betur til móts við börn og starfsfólk með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn og vinna að inngildingu þeirra í íslenskt samfélag.	Kortleggja þann tungumálaauð sem börn og starfsmenn búa yfir, með það að markmiði að geta byggt á þeim tungumálaauðlindum sem fyrir eru. Tungumál allra virt og starfsfólk meðvitað um móðurmál barna. Starfsfólk af erlendum uppruna nýti tungumál sín til stuðnings við börn og eru jafnframt tungumálafyrirmynd í notkun íslensku.	Framkvæmdastjóri	Nóv 25	Mars 26	Samantekt á fjölda tungumála sem er til staðar í starfsmannahópnum.	Yfirlit liggi fyrir um þann mannauð sem við höfum í fjölbreytileika í tungumálum.
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Hlutur frístundastarfs þegar kemur að lýðheilsu markmiði sem felur í sér að börn og unglingar á aldrinum 6 – 16 ára fái a.m.k. 60 mínútur á dag í virkri hreyfingu.	Leggja mat á skipulagt starf á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum þar sem virk hreyfing er hluti af skipulögðu starfi.	Framkvæmdastjóri	Sept 25	Ágúst 26	Lögð spurningakönnun fyrir forstöðufólk a.m.k. 3svar á tímabilinu þar sem lagt verði mat skipulagða hreyfingu í frístundastarfi.	Yfirlit yfir starfsstaði Kringlumýrar og magn af tímum sem skipulögð hreyfing er hluti af starfinu.

Læsi	Takmarkaður áhugi á lestri	Bókakostur í frístundaheimilum sé sýnilegur.	Deildars tjóri Barnast arfs	Okt 25	Feb 26	Samantekt af aðstöðu og aðgengi að bókum á frístundaheimilum, birtar færslur á Viva Engage síðu SFS þar sem sagt er frá og birtar myndir af aðstöðu.	Öll frístundaheimili hafi skýra sýn á það hvernig börn geta með góðu móti nálgast bækur og eru hvött til þess.
Læsi	Aðgengi að gagnlegu efni til að styðjast við í barnastarfi og kynning á því.	Fá kynningu á Orð eru ævintýri frá Menntamálastofnun.	Deildars tjóri Barnast arfs	Des 25	Feb 26	Kynning hafi farið fram fyrir alla stjórnendur í frístundaheimilum.	Fjöldi starfsstaða sem hafa fengið kynningu og lagt mat á hvernig hægt er að nota efnið í starfi á frístundaheimilum.
Læsi	Takmarkaður áhugi á lestri.	Hvatning til að gefa bókum meiri athygli og meta hvaða leiðir sé góðar til að ná til unglunga.	Forstöð ufólk í unglunga starfi	Okt 25	Mars 26	Yfirlit yfir nálganir á lestur s.s. bókahilla, bókaklúbbur, rafbókaklúbbur o.fl.	Tegund verkefna og lagt mat á hvað hefur virkað og hvað ekki.
Læsi og virk þátttaka	Þátttaka ungs fólks í hugmyndasöfnun til að efla læsi í frístundastarfi	Samtal í ungmennaráði þar sem sérstök áhersla verður lögð á samtal um leiðir til að efla læsi í frístundastarfi.	Starfsfólk ungmennaráða	Des 25	Feb 26	Fundargerð Ungmennaráðs Kringlumýri og að málið hafi verið tekið upp til umræðu.	Samantekt af hugmyndum frá Ungmennaráði Kringlumýri.
Fagmennska og samstarf	Þátttaka foreldra í samstarfi dróst mikið saman í Covid19 faraldrinum. Það er mikilvægt að hafa forelda með í góðu samstarfi þegar kemur að forvörnum.	Virk þátttaka með í Foreldraþorpinu sem er félag fulltrúa úr foreldrafélögum allra grunnskóla í hverfi Kringlumýrar.	Framkvæmdastjóri	Des 25	Maí 26	Sameiginlegur fundur með foreldrum þar sem áherslan er á kynningu um Farsældarlögin með það að markmiði að styrkja forvarnir.	Samantekt af fundi foreldraþorpsins.

Fagmennsk a og samstarf	Foreldrar fá meiri innsýn inn í starf félagsmiðstöðva, skapi tengsl við aðra foreldra og starfsfólk félagsmiðstöðvar	Gerð verði tilraun með að hafa opið einu sinni í mánuði í einni félagsmiðstöð að fyrirmynd Foreldrahermis í Hólmasei.	Forstöð ufólk í þátttöku félagsmiðstöð	Jan. 26	Mai 26	Fjöldatölur foreldra á opnunum	Að foreldrum fjölgi í starfinu á tímabilinu.
Fagmennsk a	Fjölga starfsstöðum Kringlumýrar sem nýta sér gátlista vegna eineltismála.	Fræðsla og kynning á gátlistum vegna eineltismála.	Framkvæmdastjóri	Jan. 26	Mars 26	Kynning á gátlistum í eineltismálum verði á Stórfundi fyrir alla stjórnendur Kringlumýrar	Kynning hafi farið fram á stjórnendafundum þar sem meðal annars er lögð áhersla á að stjórnendur geti verið með kynningu á efninu fyrir starfsfólk.
Fagmennsk a og samstarf	Kynning og upplýsingagjöf til starfsfólks vegna Farsældarlaga	Starfsstaðir Kringlumýrar útbúi svæði eða vegg sem tileinkaður er upplýsingarefni um Farsældarlögin og að nýtt og reynslumikið starfsfólk kynni sér efnið í júní, september og janúar.	Forstöð ufólk	Nóv. 25	Apríl 26	Fjöldi starfsstaða sem eru með skilgreint svæði fyrir upplýsingar til starfsfólks og þátttaka starfsfólks í að kynna sér efnið	Að hausti 2026 verði allir starfsstaðir Kringlumýrar komnir með afmarkað svæði Farsældar

2. Stjórnun, staðarbragur og mannauður

Þættir	Áskoranir/markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast	Menntastefnuvefur sem vinnutæki þegar kemur að frístundastarfi í Kringlumýri.	Kynning á stórfundi á tækifærum Menntastefnuvefs.	Framkvæmdastjóri	Nóv. 25	Mars 26	Samantekt af notkun á starfsstöðum.	Niðurstöður spurningakönnunar Stjórnendavagnsins.
Látum draumana rætast	Verkfærakista Menntastefnuvefsins sé í notkun á öllum starfsstöðum Kringlumýrar.	Kynning og innleiðing á verkfærakistu menntastefnuvefsins.	Framkvæmdastjóri	Des. 25	Ágúst 26	Innleiðing sem felur í sér að nýta verkfærakistuna í vinnu við starfsáætlun fyrir starfsárið 2026 – 2027.	Fjöldi starfsstaða sem nýtir sér verkfærakistuna til að skipuleggja frístundastarf.
Fagmennska – fræðslustarf	Betra skipulag og línuleg tenging í fræðslustarfi sem snýr að stjórnendum og lykilstarfsfólki fyrir frístundaárið.	Mótuð verði dagskrá með og fyrir stjórnendateymi Kringlumýri þar sem áherslan er skipta starfsárinu upp í 3 annir og getur hver önn verið með mismunandi áherslum.	Framkvæmdastjóri	Sept. 25	Ágúst 26	Samantekt á framkvæmd fræðsludagskrár og þátttöku í fræðslu.	Áætlun sem tilgreinir tilgang og markmið með fræðslustarfinu liggi til kynningar fyrir stjórnendur og lykilstarfsfólk fyrir frístundaárið 2025 – 2026.
Fagmennska - fræðslustarf	Gróandi fræðslu og viðburðadagskrá Kringlumýri.	Stjórnendur og lykilstarfsfólk í Kringlumýri.	Framkvæmdastjóri	Sept. 25	Júní 26	Yfirlit yfir viðburði sem eru hluti af fræðsludagskrá Gróanda.	Skoða hvort það verði marktækur árangur í auka ánægju starfsstaða í gegnum könnun Stofnunar ársins.

Fagmennska og jöfnuður	Félagsmiðstöðvar í starfi Kringlumýri.	Fyrirmyndir: Fleiri starfsmenn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í starfi með unglingum á mið- og unglingastigi félagsmiðstöðva.	Deildars tjóri unglinga starfs	Nóv. 26	Des. 26	Kortleggja tungumála- og menningarbakgrunn starfsfólks félagsmiðstöðva .	Bera saman tölur um fjölda barna og unglinga 10 – 16 ára með annað móðurmál en Íslensku við fjölda starfsmanna með fjölbreyttan tungumálabakgrunn og sjá samhengi í tækifærum.
Fagmennska	Inngilding í starfi Kringlumýrar.	Námskeið fyrir stjórnendur: Fjölmening til Framtíðar.	Framkv æmdast jóri	Sept. 25	Nóv. 25	Þátttaka stjórnenda á námskeiði.	Fjöldi stjórnenda Kringlumýrar á námskeiði sé yfir 90%.
Fagmennska	Óskýrt hvenær við notum hvaða tungumál í starfinu með fjölmennningarlegum hópi starfsfólks.	Mótun Málstefnu fyrir Kringlumýri.	Framkv æmdast jóri	Des. 25	Mars 26	Þátttaka stjórnenda í Kringlumýri í gerð Málstefnu.	Málstefna Kringlumýri sé tilbúin til kynningar í byrjun apríl 2026.
Fagmennska	Sem hluti af málstefnu Kringlumýrar er mikilvægt að geta gefið starfsfólki tækifæri til að efla færni sína í íslensku.	Efla íslenskukunnáttu starfsmanna: Vinna markvisst að því að efla starfsfólk með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn að læra og nota íslensku á vinnustaðnum. Fyrirmynd er t.d. fræðsla fyrir starfsfólk sundlauga í Reykjavík.	Framkv æmdast jóri	Jan. 26	Maí 26	Spurningakönnun lögð fyrir starfsfólk með annað móðurmál en íslensku.	Að hlutfall starfsfólks sem sækir íslenskunámskeið sé 70%.

Fagmennska - fræðslustarf	Stopp ofbeldi fræðsla – Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglunga.	Allt starfsfólk fari í gegnum fræðslu hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu á heimasíðu www.Stoppofbeldi.is sefni.is um kynferðisofbeldi.	Framkv æmdast jóri	Ágúst 25	Jan. 26	Staðfesting um þátttöku starfsfólks í fræðslunni.	Hlutfall starfsfólks sem hefur lokið námskeiðinu.
--------------------------------------	---	--	--------------------------	-------------	---------	---	--

Áherslur starfsársins

Fyrir starfsárið 2025 - 2026 er menntastefna Reykjavíkurborgar rauður þráður í öllum áherslum Kringlumýrar og starfsstöðvum hennar. Þættir menntastefnunnar; félagsfærni, sjálfsefning, heilsuefning, læsi og sköpun eru undir með mismunandi útfærslum og verða hér á eftir talin upp helstu áherslur og verkefni.

Kringlumýri mun leggja áherslu á inngildingu í öllu frístundastarfi en þar verður horft til ýmissa þátta s.s. að starfsmannahópurinn endurspegli fjölbreytileika samfélagsins og það sé hugað að því í ráðningum. Allir starfsstaðir Kringlumýrar móti sér málstefnu og innleiði hana. Félagsmiðstöðvarnar leggja áherslu á aukna félagsfærni barna og unglunga til dæmis með klúbbastarfi sem snertir á félagsfærni og að nálgast jaðarsett börn og unglunga ásamt því að leiðbeina drengjum í að virða mörk og vera leiðtogar með jákvæðum hætti.

Í mannauðsmálum verður lögð áhersla á að efla fræðsluþáttinn. Vegferðin sem Kringlumýri ætlar að leggja upp í er að flétta saman fræðsludagskrá sem leggur áherslu á fagmennsku og bætta líðan. Fræðsludagskráin hefur fengið vinnuheitið „Gróandi“. Í Gróanda munu birtast reglulegir viðburðir, fræðslustundir og fróðleiksmolar sem styðja við vöxt, samkennd og fagmennsku í leiðtogastarfinu. Til að styrkja vegferðina verður leitað leiða í fræðslusjóðum sem munu nýtast til að efla vinnustaðamenningu og auka fagstarf fyrir börn og unglunga. Hamingjusamt starfsfólk mun geta gefið af sér jákvætt og uppbyggilegt starf.



Samstarf

Með innleiðingu BBB hefur samstarf frístundastarfs, grunnskóla og velferðar aukist til muna. Nú hefur frístundastarfið vettvang sem það hafði ekki áður þar sem mál barna og unglunga eru tekin fyrir. Lausnateymisfundir eru mikið framfara skref þar sem hægt er að ræða mögulegar lausnir á vanda barna og unglunga frá ólíkum sjónarhornum í lífi hvers og eins. Stjórnendur á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum eru á flestum stöðum orðin virkir þátttakendur í starfi lausnateyma en gott og skilvirkt samstarf allra helstu samstarfsaðila gefur okkur vonir um að málum á þriðja stigi fækki markvisst. Samstarf á Norðurmiðstöð þar sem frístundastarf, leikskólar, grunnskólar og velferðin vinna saman að því að bæta líf barna í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfis er að bera mjög góðan árangur og er einstaklega gott samstarf í miðstöðinni. Hluti af þessari vinnu er að fagskrifstofan á einstaklega gott samstarf við barna- og fjölskyldudeild Norðurmiðstöðvar þar sem mun styttra er milli þeirra sem vinna með einstaklingsmál barna og unglunga og fá því mál oft fljóta afgreiðslu vegna sterkra tenginga á milli fagaðila.

Í gegnum sértækt hópastarf gefst tækifæri til að styrkja félagstengsl og munu starfsstaðir Kringlumýri vinna markvisst með aðferðafræðina fyrir unglunga á aldrinum 13 – 16 ára. Farið verður af stað með sértækt hópastarf fyrir 10 – 12 ára með áherslu á að styrkja félagsfærni og aðlögun barna að erlendum uppruna. Árangur að góðu skipulagi og að velja rétt inn í hópana er háð góðu samstarfi við grunnskóla í hverfinu og verkefnistjóra forvarna og félagsauðs.

Áfram verður unnið að því að efla samstarf við lögregluna en það gerist mikið til í gegnum virkt samtal við samfélagslöggur. Þó það samstarf sé rétt að byrja erum við bjartsýn á að þetta eigi eftir að aukast á næstu árum.



Jafnréttisáætlun

Frístundamiðstöðvar Reykjavíkur starfa út frá [Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023-2026](#). Áætlunin byggir á lögum um jafnan rétt kynjanna, 13. grein laga um stjórnslu jafnréttismála og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þær aðgerðir sem eru á ábyrgð SFS og tengjast frístundastarfinu í aðgerðaráætlun borgarinnar eru útlistaðar hér fyrir neðan.

Þar ber hæst að setja inn að það sé tryggt á starfsstaðnum að það verði enginn starfsmaður fyrir kynferðislegu áreiti né ofbeldi. Einnig að allir starfsmenn sitji [netnámskeið Barnahúss um einkenni kynferðisofbeldis og viðbrögð](#). Starfið sé fyrir börn af öllum kynjum og aðgengilegt öllum. Margt gagnlegt á vefnum stoppofbeldi.namsefni.is

Aðgerð	Útfærsla frístundamiðstöðvar	Ábyrgð
3.6.3 Tryggja að allt starfsfólk SFS sé upplýst um verkfærakistu um kynjajafnréttis- og hinseginfræðslu fyrir öll skólastig auk verkfærakistu menntastefnu. Sjá hér: https://reykjavik.is/unglingastig-verkfaerakista	Verkfærakistan kynnt á fundi forstöðumanna félagsmiðstöðva Kringlumýrar.	Deildarstjóri unglingastarfs.
3.6.5 Tryggja að stjórnendur viti af fræðslu um málefni hinsegin fólks og skilji mikilvægi hennar fyrir börn og unglinga.	Allir starfsstaðir Kringlumýrar hafa hlotið Regnbogavottun.	Framkvæmdastjóri.
3.6.5 Tryggja að fræðsla um málefni hinsegin fólks standi öllum nemendum í grunnskóla og frístundastarfi til boða.	Hinsegin vika félagsmiðstöðva.	Deildarstjóri unglingastarfs.
3.6.6 Skipuleggja og hvetja starfsstaði SFS til að taka þátt í jafnréttis og mannréttindadögum í kringum 20. nóvember.	Viðburðir á öllum starfsstöðum Kringlumýrar í tilefni mannréttindadaginn 20. nóvember. Útfærslur eftir því hvað hentar best á hverjum stað.	Deildarstjórar unglingastarfs, barnastarfs og sérstæks starfs.
3.6.7 Ávarpa þátttöku allra félagsmiðstöðva í Viku6 í starfsáætlunum/aðgerðaráætlunum	Sameiginlegur viðburður hjá félagsmiðstöðvum í Kringlumýri í Viku6.	Deildarstjóri unglingastarfs.



3.6.9 Tryggja fræðslu frá forvarnarteymum grunnskóla í öllum árgöngum og fyrir allt starfsfólk gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Sjá netnámskeið Barnahúss um einkenni kynferðisofbeldis og viðbrögð .	Stjórnendur í Kringlumýri fái netnámskeið Barnahúss.	Framkvæmdastjóri.
3.6.11 Efla kynfræðslu sem forvarnarstarf með því að fjölga starfsstöðum í kynfræðsluverkefni.	Allar félagsmiðstöðvar í Kringlumýri í samstarfi við skóla varðandi kynfræðslu fyrir 7. bekk.	Deildarstjóri unglingastarfs.
3.6.12 Tryggja þekkingu stjórnenda og starfsfólks um rétt barna til að skilgreina kyn sitt og að þau njóti viðurkenningar á sínu kyni (kynvitund), m.a. með skýru verklagi og fræðslu.	Starfsstaðir Kringlumýrar eru Regnbogavottaðir Gaymstöðin opin í tilraunarskyni.	Framkvæmdastjóri og deildarstjóri unglingastarfs.